

# Örnefnaskráning í Dalabyggð

## IV. Hluti - Innri Fagridalur, Fagradalstunga – Foss



Sóley Valdimarsdóttir  
Hulda Birna Albertsdóttir

Desember 2012  
NV nr. 17-12

## Útdráttur

Örnefnaskráning í Dalabyggð er samstarfsverkefni Náttúrustofu Vestfjarða, Breiðafjarðarnefndar og Dalabyggðar og hófst 2010.

Markmið verkefnisins er að skrá jarðir sem liggja að sjó í Breiðafirði og eru í Dalabyggð.

Í verkefninu felst að ræða við heimildamenn og staðsetja örnefni á tiltekinni jörð á stafrænt landupplýsingarkort (GIS). Örnefnaskrár Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum eru notaðar sem grunnheimild.

Alls voru skráð 108 örnefni í landi Innri Fagradals og 26 í landi Foss og Fagradalstungu.

Boðleiðum í Saurbæjarhreppi er lýst, en það eru leiðir sem fólk bar leitarseðla og fundarboð eftir.

## Efnisyfirlit

ÚTDRÁTTUR .....	2
EFNISYFIRLIT .....	3
MYNDASKRÁ .....	4
INNGANGUR .....	6
AÐFERÐIR .....	7
INNRI-FAGRIDALUR .....	8
SKRÁNING ÖRNEFNA INNRI - FAGRADALS .....	9
<i>Örnefni Innri - Fagradals</i> .....	12
<i>Eyjar og sker í landi Innri - Fagradals</i> .....	36
FAGRADALSTUNGA - FOSS .....	42
SKRÁNING ÖRNEFNA FAGRADALSTUNGU - FOSS .....	42
<i>Örnefnaskrá Fagradalstungu - Foss</i> .....	42
<i>Örnefni Fagradalstungu - Foss</i> .....	43
KORT .....	50
BOÐLEIÐIR Í SAURBÆJARHREPPI .....	52
UMRÆÐUR .....	54
ÞAKKIR .....	54
HEIMILDIR .....	55

## Myndaskrá

Mynd 1. Torffjall.....	12
Mynd 2. Tjaldaneshlíð .....	12
Mynd 3. Hafratindur .....	12
Mynd 4. Gullfoss.....	13
Mynd 5. Neðrihvammar.....	13
Mynd 6. Melbrekkur.....	13
Mynd 7. Melshorn .....	14
Mynd 9. Maríugerði/Soffíugerði.....	14
Mynd 10. Bakkar. ....	15
Mynd 11. Reiðhvammsmelur.....	15
Mynd 12. Reiðhvammur .....	16
Mynd 13. Reiðhvammur .....	16
Mynd 14. Hjallar .....	16
Mynd 15. Litladeild. ....	17
Mynd 16. Nautabyrgi.. ....	17
Mynd 17. Deild/Deildargil.....	17
Mynd 18. Kirkja. ....	18
Mynd 19. Börð. ....	19
Mynd 20. Fagradalshvammar.....	19
Mynd 21. Votihvammur.. ....	20
Mynd 22. Öskuhvammur.. ....	20
Mynd 23. Brunnhúslág. ....	20
Mynd 24. Eyri.. ....	21
Mynd 25. Árnámór.....	21
Mynd 26. Melur. ....	22
Mynd 27. Fornistekkur. ....	22
Mynd 28. Jónsbrekka. ....	22
Mynd 29. Leiti.....	23
Mynd 30. Leitislækur .....	23

Mynd 31. Fjóslág.....	23
Mynd 32. Laugumóar/Tunga. ....	24
Mynd 33. Fjósbarð. ....	24
Mynd 34. Náttthagi .....	24
Mynd 35. Tröð.....	25
Mynd 36. Bænhúsvöllur.....	26
Mynd 37. Ból. ....	26
Mynd 38. Gonta.....	27
Mynd 39. Útrækt.....	27
Mynd 40. Gangur.....	27
Mynd 41. Bæjargil.....	28
Mynd 42. Deildardalur .....	29
Mynd 43. Skálargil.....	30
Mynd 44. Selflóí. ....	31
Mynd 45. Tómgil. ....	31
Mynd 46. Völuholt .....	31
Mynd 47. Völumýri. ....	32
Mynd 48. Einbúi. ....	32
Mynd 49. Selgil .....	33
Mynd 50. Þrígil.....	34
Mynd 51. Torfagil.....	34
Mynd 52. Gata. ....	35
Mynd 53. Stóri- Hvalbúkur .....	36
Mynd 54. Fremri/Litli Hvalbúkur. ....	37
Mynd 55. Reiðhvammsker.....	37
Mynd 56. Tungumúli. ....	43
Mynd 57. Hafratindur. ....	43
Mynd 58. Geitadalur. ....	45

## Inngangur

Örnefnaskráning í Dalabyggð var verkefni unnið af Náttúrustofu Vestfjarða í samstarfi við Breiðafjarðarnefnd og Dalabyggð. Markmiðið var að taka jarðir sem liggja að sjó í Breiðafirði, en í einstaka tilvikum voru teknar jarðir með sem lágu ekki að sjó.

Örnefnaskráning hófst sumarið 2010 þar sem skráðar voru fornleifar á tveimur jörðum samhliða örnefnaskráningunni. Sóley Valdimarsdóttir, umhverfisskipulagsfræðingur sá um örnefnaskráninguna þangað til í október 2010 en þá tók Hulda Birna Albertsdóttir, umhverfisskipulagsfræðingur við skráningunni.

Í þessari skýrslu verður fjallað um örnefni á landi Innri Fagradals og Foss (ásamt Fagradalstungu, en hún er komin í eyði) og er þetta fjórði hluti verkefnisins.

Í örnefnasafni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum eru geymdar skrár yfir örnefni á flestum jörðum á Íslandi. Skrárnar skipta þúsundum og er sú elsta frá árinu 1910 (arnastofnun.is, sótt á vef þann 4.10.2010). Þessar skrár eru mikilvæg heimild m.a. um menningu, sögu, landsnytjar og náttúrufar (m.a. Brink 1999). Einnig má halda því fram að þær séu hluti af menningar- og náttúruverðmætum. Örnefni sem varðveitast einungis í munnlegri geymd eiga á hættu að glatast þegar þörfin fyrir þau minnkar vegna breyttra aðstæðna (Guðrún Gísladóttir 1980). Því er mikilvægt að safna og staðsetja örnefni með hjálp staðkunnugra ásamt því að skrá niður merkingu þeirra, aldur og tilefni nafngiftar.

Skráðar voru niður boðleiðir í Fellsstrandahreppi, Saurbæjarhreppi, Skarðsstrandahreppi. Leitarseðlar voru fyrst og fremst sendir með þessum hætti á milli staða en einnig einstaka fundarboð. Í þessari skýrslu verður einungis talað um boðleiðir í Saurbæjarhreppi þar sem Innri Fagridalur og Fagradalstunga voru hluti af þeim hreppi.

## Aðferðir

Skráningin byggir fyrst og fremst á leiðbeiningum um örnefnaskráningu frá Stofnun Árna Magnússonar. Skráning á vettvangi er með aðstoð heimildarmanna. Aðrir þættir eru t.d. heimildaöflun, frágangur, kortagerð og fleira.

Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum var aðal heimild verkefnisins. Fundað var með heimildarmönnum þar sem þeir voru beðnir að lesa yfir örnefnaskrá Stofnunar Árna Magnússonar og staðsetja þau jafnóðum á útprentaða loftmynd. Heimildarmenn voru einnig beðnir um að koma með athugasemdir eða viðbætur við núverandi örnefnaskrá. Sérstaklega var reynt að fá útskýringar á örnefnum sem ekki höfðu augljósa merkingu. Í þeim tilvikum þar sem ekki var hægt að staðsetja örnefni nákvæmlega á loftmynd var farið á staðinn og tekinn GPS-staðsetningahnit í isnet93 hnitakerfinu og eru staðsetningar í skýrslu alltaf skráðar í norður og austur. Teknar voru ljósmyndir þar sem sá möguleiki var fyrir hendi.

Skráning boðleiða fól í sér að fá heimildamenn til að lýsa boðleiðunum og þær voru svo ritaðar niður.

Frágangur á gögnum fól í sér að færa staðsetningu örnefnanna inn á stafrænan loftmyndagrunn. Með því fékkst nákvæm staðsetning á þeim örnefnum sem merkt voru beint á útprentuðu loftmyndina. Niðurstöður gáfu af sér kort með örnefnum innan hvernjar jarðar sem og örnefnalista sem greint er frá í þessari skýrslu.

Loftmyndir sem notaðar voru eru teknar í 3500 m hæð og eru frá árinu 2003. Myndirnar eru í eigu Dalabyggðar, en keyptar frá Loftmyndum ehf. Viðtöl við heimildarmenn voru tekin upp með Olympus VN-5500PC upptökutæki. Ljósmyndir voru teknar á stafrænar myndavélar af gerðinni Canon Ixus 960IS og Canon EOS 500D og eru í eigu Náttúrustofu Vestfjarða/ljósmyndara, sem í þessu tilviki var Sóley Valdimarsdóttir, nema annað sé tekið fram. GPS-staðsetningarpunktar voru teknir með Garmin 60CSx. Frágangur gagna fól í sér gerð stafrænna korta í Microstation v8i.

## Innri-Fagridalur

Innri- Fagridalur er vestasta jörðin í Saurbæjarhreppi, önnur en Fagradalstunga, og er austan Fagradalsár og sunnan Gilsfjarðar. Upplýsingar um örnefni eru frá Þórólfi Guðjónssyni, bónda og að nokkru leyti frá Hirti Guðjónssyni, bróður hans, bónda að Fossi. Sigurður Þórólfsson skrifaði skrána að beðni Kristján Eldjárns í apríl 1966. Hafði hann þá hliðsjón af skrá Ara Gíslasonar sem byggðist á heimildum Þórólfs og Hjartar Guðjónssona (Örnefnaskrár Innri - Fagradals).

Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín var jarðadýrleiki Innri-Fagradals árið 1703, 40 kýrgildi. Hálfkirkja stóð þar frá 1491, en hún var aflögð 1826. Nefnt er „nýbýli“ sem nefnt er Reiðhvammur. Þar er ekki lengur búið og einungis rústir í dag. Tvö nýbýli til viðbótar voru fyrir jarðabókina, en bæði eyðilögð (Árni Magnússon og Páll Vídalín 1938). Í dag er annað býli við Innri-Fagradal, Foss. Það var byggt 1936 og þar búa Steingrímur Hjartarson og Guðrún Esther Magnúsdóttir.

Innri- Fagridalur er 28 ha ræktað land sem liggur í Fagradal (Þjóðskrá Íslands á.á). Búskapur er á jörðinni og þar búa hjónin Sigurður Þórólfsson og Erla Karlsdóttir.

Merki milli Fagradals og Tjaldaness eru landamerki við Deildargilið á Tjaldaneshlíð og fylgja Deildinni upp gegnum klettanna og inn Deildardalinn upp á fjallinu og inn í Draugavatn (en Deildin er útfall úr því vatni). Í Draugavatni mætast landamerki þriggja jarða: Innri Fagradals, Tjaldaness og Saurhóls. Úr Draugavatni liggja merkin þvert yfir Ásana og yfir Seljadalinn og í Keragilið sem kemur úr Hrutaborgarflóa. Samkvæmt landamerkjabréfi eru merkin þar sem gilið kemur fram úr brúninni, en ekki þar sem Keragilið kemur í Seljadalsána fremst í dalnum, en með því fylgir Innri – Fagradal svolítill sneið innan Keragilsins. Er reyndar ekki stórmál hvort miðið sem notað er. Frá Keragili liggja merkin um hábrúnina á Tungumúlanum (hvar sem hábrúnin er á bunguvöxnum múlanum) út á brúnina upp af Einbúa, sem er klettur í suðurhlíð Seljadals og þaðan um Einbúann og Einbúalækinn þvert niður í Seljadalsá hjá Völuholti og síðan fylgja merkin Seljadalsá hjá Völuholti og þaðan fylgja merkin Seljadalsá og Fagradalsá allt til sjávar. Á línunum frá Draugavatni yfir í Keragil liggja landamerki að Kverngrjóti og Bjarnastöðum (Sigurður Þórólfsson minnisblað 12. september 2011).



Upplýsingar í örnefnaskrá Stofnunar Árna Magnússonar eru frá Þórólfi Guðjónssyni fyrrum bónda þar og að nokkru leyti frá Hirti Guðjónssyni bróður hans, fyrrum bónda að Fossi. Skrásetjari örnefnaskrá Fagradalstungu er ókunnugur, en skráin er hreinrituð af Sigurði Þórólfsyni í Innri Fagradal árið 1966. Skráning þessi byggir á þessum skrá.

## Skráning örnefna Innri - Fagradals

Í örnefnasafni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum hafa örnefnum verið gefin raðnúmer eftir því hvar þau koma fyrir í lýsingu hverrar jarðar. Hér eru örnefnin látin halda þeim númerum og ný örnefni fá oftast númer í framhaldi af því síðasta. Í einstaka tilvikum var nýju örnefni gefið sama númer og annað sem fyrir var á listanum með viðbótinni *a* fyrir aftan. Var þetta gert þar sem nýtt örnefni tengdist eldra nafni. Í skráningarlista hér á eftir eru örnefnin fyrst talin upp í stafrófsröð en á eftir fylgja nánari upplýsingar um hvert og eitt í númeraröð. Örnefnin eru svo staðsett á loftmynd á kort 1, 2, 3, 4 og 5 eftir því sem við á.

Árnamór 32	Fjósbarð 41
Ásar 57	Fjóslág 39
Bakkar 12	Fornistekkur 36
Ból 48	Foss 26
Brunnhúslág 31	Fótaspyrnumóar / Fótaspyrna 27
Bugsker 93	Fremra-Sel 61
Bæjarey 87	Fremri Hvalbúkur / Litli
Bæjareyjarhólmi 88	Gangur 50
Bæjarflói 53	Gata 77
Bæjargil 51	Gonta 49
Bænhúsvöllur 47	Gullfoss 04
Börð 24	Gægir 70
Deild / Deildargil 19	Gægislág 71
Deildardalur 55	Hafratindur 03
Deildargil / Deild 20	Háhólmi 91
Drangshlíð 69a	Heimra-Sel 72
Draugavatn 56	Hesthúsbali 43
Efristapar 21	Heysker 78
Einbúalækur 68	Hjallar 16
Einbúi 67	Hrossamýri 13
Eyri 31a	Hrútaborg 59
Fagradalsá 33	Hrútaborgarflói 59a
Fagradalseyri 10	Hrúteyjar 85
Fagradalshvamar 25	Hvalbúkur 80
Fagradalstunga 97	Hvannahólmi 92
Fagurey 83	Jónsbrekka 37
Fagureyjarhólmi 84	Keragil 58
Fannahjalli 52	Kirkja 22a
Fjánhúsflatir 44	Kolviðarflói 58a
Fótaspyrna / Fótaspyrnumóar 28	Laugumóar / Tunga 40
	Leiti 38

Langaflöt 100	Soffiugerði / Maríugerði 09
Leitislækur 38a	Stapamýri 23
Litladeild 17	Stóra-Hrútey 89
Litli Hvalbúkur / Fremri	Stóri-Hvalbúkur 79
Litlu-Veiðileysur 94	Stóru-Veiðileysur 95
Maríugerði / Soffiugerði 08	Suðureyjar 86
Melbrekkur 06	Svunta 46
Melshorn 07	Tjaldaneshlíð 02
Melur 35	Torfagil 76
Mýrar 22b	Torfagilsvatn 96
Nautabyrgi 18	Torffjall 01
Nátthagi 42	Tómugil 63
Neðrihvammar 05	Tröð 44a
Neðristapar 22	Tunga / Laugumóar 41
Norðurtangi 90	Tungumúli 66
Reiðhvammsmelur 14	Útrækt 49a
Reiðhvammssker 82	Völuholt 64
Reiðhvammur 15	Votihvammur 29
Selflóí 62	Völumýri 65
Selgil 69	Þrígil 73
Seljadalsá 34	Þrígiljalægðir 74
Sjávarhúsatóftir 11	Þrígiljavatn 75
Sjónarhóll 54	Þvergarður 45
Skálargil 60	Öskuhvammur 30

## Örnefni Innri - Fagradals

### Torffjall 01

**Staðsetning:** 358057 542660

**Heimild:** Örnefnaskrár Innri - Fagradals.

**Lýsing / Staðhættir:** Fjall milli Saurbæjar og Fagradals.

**Kort:** Kort 1.



Mynd 1. Torffjall.

### Tjaldaneshlíð 02

**Staðsetning:** 358077 543516

**Heimild:** Örnefnaskrár Innri - Fagradals.

**Lýsing / Staðhættir:** Hlíð Torffjalls, snýr að sjónum. Brött og lítið undirlend.

**Kort:** Kort 1.



Mynd 2. Tjaldaneshlíð.


### Hafratindur 03

**Staðsetning:** 358057 540764

**Heimild:** Örnefnaskrár Innri - Fagradals.

**Lýsing / Staðhættir:** Fjallstindur á milli Fagradals og Geitadals. Tindslögunin sést eingöngu frá bæjarstæði Innri-Fagradals.

**Kort:** Kort 1.



Mynd 3. Hafratindur.

### Gullfoss 04

**Staðsetning:** 356361 542610

**Heimild:** Örnefnaskrár Innri - Fagradals.

**Lýsing / Staðhættir:** Foss, rétt neðan við veginn í Fagradalsá.

**Kort:** Kort 1.



Mynd 4. Gullfoss.

### Neðrihvammar 05

**Staðsetning:** 356382 542696

**Heimild:** Örnefnaskrár Innri - Fagradals.

**Lýsing / Staðhættir:** Hvammar sem liggja meðfram Fagradalsá frá Gullfossi og niður að sjó.

**Kort:** Kort 1.



Mynd 5. Neðrihvammar.

### Melbrekkur 06

**Staðsetning:** 356242 542688

**Heimild:** Örnefnaskrár Innri - Fagradals.

**Lýsing / Staðhættir:** Brekkur neðst í Neðrihvömmum.

**Kort:** Kort 1.



Mynd 6. Melbrekkur.

### Melshorn 07

**Staðsetning:** 356206 542687

**Heimild:** Örnefnaskrár Innri - Fagradals.

**Lýsing / Staðhættir:** Hár melur sem tekur við af Melbrekkum. Melshorn nær nánast niður að ánni, niður undir sjó.

**Kort:** Kort 1.



Mynd 7. Melshorn.

### Mariugerði / Soffiugerði 08

**Staðsetning:** 356244 542670

**Heimild:** Örnefnaskrár Innri - Fagradals.

Sigurður Þórólfsson, viðtal 22. júlí 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Gamlar tættur undir neðanverðum Melbrekkum, en sagt er að þar hafi verið býli sem hét Mariugerði. Í heimildum frá 1700 er reyndar talað um *Soffiugerði* á þessum stað, sem var þá ekki reglulegt býli heldur bænastaður konu sem bjó þar.

**Kort:** Kort 1.



Mynd 8. Mariugerði/Soffiugerði.

### Fagradalseyri 10

**Staðsetning:** 356410 543049

**Heimild:** Örnefnaskrár Innri - Fagradals. Sigurður Þórólfsson, viðtal 22. júlí 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Eyri nokkuð innan við Fagradalsárós. Þessi nafngift er ekki mikið notuð um eyrina.

**Kort:** Kort 3.

### Sjávarhúsatóftir 11

**Staðsetning:** 356352 542996

**Heimild:** Örnefnaskrár Innri - Fagradals. Sigurður Þórólfsson, viðtal 22. júlí 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Tóftarbrot á Fagradalseyri.

**Kort:** Kort 3.

## Bakkar 12

**Staðsetning:** 357118 543410

**Heimild:** Örnefnaskrár Innri – Fagradals.  
Sigurður Þórólfsson, viðtal 22. júlí 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Hjallar í hliðinni inn  
með sjónum frá Fagradalseyri.

**Kort:** Kort 1.



Mynd 9. Bakkar.

## Hrossamýri 13

**Staðsetning:** 357352 543605

**Heimild:** Örnefnaskrár Innri - Fagradals. Sigurður Þórólfsson, viðtal 22. júlí 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Mýri innan við Bakkana og niður við sjóinn.

**Kort:** Kort 1.

## Reiðhvamsmelur 14

**Staðsetning:** 357510 543532

**Heimild:** Örnefnaskrár Innri - Fagradals.  
Sigurður Þórólfsson, viðtal 22. júlí 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Inn, og upp af  
Hrossamýri.

**Kort:** Kort 1.



Mynd 10. Reiðhvamsmelur.



## Reiðhvammur 15

**Staðsetning:** 357852 543748

**Heimild:** Örnefnaskrár Innri - Fagradals.

Sigurður Þórólfsson, viðtal 22. júlí 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Stór hvammur innan af Reiðhvammsmel. Samkvæmt Árna Magnússyni, bónda í Tjaldanesi 1228, taldi hann að þar hefðu verið tvö býli; Maríugerði og Reiðhvammur.

**Kort:** Kort 1.



Mynd 11. Reiðhvammur.



Mynd 12. Reiðhvammur.

## Hjallar 16

**Staðsetning:** 358173 543892

**Heimild:** Örnefnaskrár Innri - Fagradals.

Sigurður Þórólfsson, viðtal 22. júlí 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Stykkið frá Reiðhvammi alla leið inn að Deild.

**Kort:** Kort 1.



Mynd 13. Hjallar.



## Litladeild 17

**Staðsetning:** 358681 543823

**Heimild:** Örnefnaskrár Innri - Fagradals.

Sigurður Þórólfsson, viðtal 22. júlí 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Gjá í fjallið (Torffjall), sem venjulega er þurr.

**Kort:** Kort 1.



Mynd 14. Litladeild.

## Nautabyrgi 18

**Staðsetning:** 358581 544154

**Heimild:** Örnefnaskrár Innri - Fagradals.

Sigurður Þórólfsson, viðtal 22. júlí 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Nær frá Litludeild að Deild. Þar voru geymd naut á sumrin fram yfir aldamót og má þar enn sjá móta fyrir hlöðnum görðum.

**Kort:** Kort 1.



Mynd 15. Nautabyrgi.

## Deild/ Deildargil 19

**Staðsetning:** 358865 544056

**Heimild:** Örnefnaskrár Innri - Fagradals.

Sigurður Þórólfsson, viðtal 22. júlí 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Gil í Torffjalli, markar landamerkin milli Tjaldaness og Innri-Fagradals.

**Kort:** Kort 1.



Mynd 16. Deild/Deildargil.

## Efristapar 21

**Staðsetning:** 356869 542802

**Heimild:** Örnefnaskrár Innri - Fagradals. Sigurður Þórólfsson, viðtal 22. júlí 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Klettaborgir sem liggja út og niður frá Leitinu, neðan Þjóðveggarins.

**Kort:** Kort 1.

## Neðristapar 22

**Staðsetning:** 356867 542908

**Heimild:** Örnefnaskrár Innri - Fagradals. Sigurður Þórólfsson, viðtal 22. júlí 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Liggja niður af Efristöpum.

**Kort:** Kort 3.

## Kirkja 22a

**Staðsetning:** 356792 542861

**Heimild:** Örnefnaskrár Innri - Fagradals.

Sigurður Þórólfsson, viðtal 22. júlí 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Einkennilegur klettur yst á Neðristöpum.

**Kort:** Kort 1.



Mynd 17. Kirkja.

## Mýrar 22b

**Staðsetning:** 356691 542914

**Heimild:** Örnefnaskrár Innri - Fagradals. Sigurður Þórólfsson, viðtal 22. júlí 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Staðsett neðan við Neðristapana, alla leið út að Neðrihvömmum. Búið að rækta upp í dag.

**Kort:** Kort 3.

## Stapamýri 23

**Staðsetning:** 356963 542700

**Heimild:** Örnefnaskrár Innri - Fagradals. Sigurður Þórólfsson, viðtal 22. júlí 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Staðsett ofan við Efristapa og nær upp að hlíð og út að túni. Þjóðvegurinn liggur í gegnum mýrina. Orðin að túni í dag. Í dag er Stapamýrin yfirleitt kölluð sá hluti hennar sem er neðan vegar. Hitt er orðið að Lönguflötum (100) og Krúsó (99).

**Kort:** Kort 1.

## Börð 24

**Staðsetning:** 356794 542236

**Heimild:** Örnefnaskrár Innri - Fagradals.

Sigurður Þórólfsson, viðtal 22. júlí 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Staðsett innan við og upp með Fagradalsá.

**Kort:** Kort 2.



Mynd 18. Börð.

## Fagradalshvammar 25

**Staðsetning:** 356420 542217

**Heimild:** Örnefnaskrár Innri - Fagradals.

Sigurður Þórólfsson, viðtal 22. júlí 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Nokkrir hvammar sem liggja upp með ánni fyrir ofan Gullfoss.

**Kort:** Kort 2.



Mynd 19. Fagradalshvammar.

## Foss 26

**Staðsetning:** 356630 542420

**Heimild:** Örnefnaskrár Innri - Fagradals. Sigurður Þórólfsson, viðtal 22. júlí 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Nýbýli sem reist var 1936 úr landi Fagradals. Bóndinn þar er Steingrímur Hjartarson. Bærinn heitir eftir Gullfossi.

**Kort:** Kort 2.

## Fótaspyrnumóar/ Fótaspyrna 27

**Staðsetning:** 356623 542388

**Heimild:** Örnefnaskrár Innri - Fagradals. Sigurður Þórólfsson, viðtal 22. júlí 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Túnstykki upp frá bænum Fossi sem dró nafn sitt af hjáleigu frá Fagradal sem var þar og hét Fótaspyrna. Þessir móar eru nú allir sléttir.

**Kort:** Kort 2.

## Votihvammur 29

**Staðsetning:** 356666 542269

**Heimild:** Örnefnaskrár Innri - Fagradals.  
Sigurður Þórólfsson, viðtal 22. júlí 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Hvammur ofan við Fótaspyrnumóa í Börðunum. Hann dregur nafn sitt af miklum djúvætum sem koma undan Börðunum. Enn mjög blautur.

**Kort:** Kort 2.



Mynd 20. *Votihvammur.*

## Öskuhvammur 30

**Staðsetning:** 356934 542109

**Heimild:** Örnefnaskrár Innri - Fagradals.  
Sigurður Þórólfsson, viðtal 22. júlí 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Beint niður af bæjarstæði Innri-Fagradals er Öskuhvammur. Heitir það vegna þess að öskunni var daglega hellt fram af barðinu ofan við hvamminn og sér þess enn merki ef rótað er í barðinu.

**Kort:** Kort 2.



Mynd 21. *Öskuhvammur.*

## Brunnhúslág 31

**Staðsetning:** 356896 542131

**Heimild:** Örnefnaskrár Innri - Fagradals.  
Sigurður Þórólfsson, viðtal 22. júlí 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Lág fyrir framan Öskuhvamm. Sést lítið, en smá tóft sem Brunnhúsið var. Áður var vatnshrútur í Brunnhúsinu sem dældi vatni heim í bæ og fjós. Það var úr lind sem kom undan barðinu



Mynd 22. *Brunnhúslág.*

fyrir ofan Brunnhúsið.

**Kort:** Kort 2.

### **Eyri 31a**

**Staðsetning:** 356666 541952

**Heimild:** Örnefnaskrár Innri - Fagradals. Sigurður Þórólfsson, viðtal 22. júlí 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Þurr og slétt eyri beint niður af Brunnhúslág og að Fagradalsá.

**Kort:** Kort 2.



*Mynd 23. Eyri.*

### **Árnamór 32**

**Staðsetning:** 356821 541886

**Heimild:** Örnefnaskrár Innri - Fagradals. Sigurður Þórólfsson, viðtal 22. júlí 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Móastykki fyrir framan Eyrina. Þar fór fram mótekja fram yfir 1940.

**Kort:** Kort 2.



*Mynd 24. Árnamór.*

### **Fagradalsá 33**

**Staðsetning:** 356758 541817

**Heimild:** Örnefnaskrár Innri - Fagradals. Sigurður Þórólfsson, viðtal 22. júlí 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Áin í Fagradal.

**Kort:** Kort 2.

### **Seljadalsá 34**

**Staðsetning:** 358211 541715

**Heimild:** Örnefnaskrár Innri - Fagradals. Sigurður Þórólfsson, viðtal 22. júlí 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Á sem rennur í Seljadal.

**Kort:** Kort 1.



### Melur 35

**Staðsetning:** 356955 541874

**Heimild:** Örnefnaskrár Innri - Fagradals.

Sigurður Þórólfsson, viðtal 22. júlí 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Melur upp af Árnámó, sléttur að ofan en brattur til hliðanna. Miklar krækiberjalendur þar.

**Kort:** Kort 2.



Mynd 25. Melur.

### Fornistekkur 36

**Staðsetning:** 362680 547163

**Heimild:** Örnefnaskrár Innri - Fagradals.

Sigurður Þórólfsson, viðtal 22. júlí 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Tóftir sem staðsettar eru á kletthorni sem gengur út í ána fyrir framan Melinn.

**Kort:** Kort 1.



Mynd 26. Fornistekkur.

### Jónsbrekka 37

**Staðsetning:** 357539 541594

**Heimild:** Örnefnaskrár Innri - Fagradals.

Sigurður Þórólfsson, viðtal 22. júlí 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Löng brekka ofan við veginn fram að Fagradalstungu áður en farið er niður að Seljadalsá.

**Kort:** Kort 1.



Mynd 27. Jónsbrekka.

### Leiti 38

**Staðsetning:** 357573 541843

**Heimild:** Örnefnaskrár Innri - Fagradals.

Sigurður Þórólfsson, viðtal 22. júlí 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Úr leitinu sést heim til bæjar og inn á Seljadal.

**Kort:** Kort 2.



Mynd 28. Leiti.

### Leitislækur 38a

**Staðsetning:** 357683 541892

**Heimild:** Örnefnaskrár Innri - Fagradals.

Sigurður Þórólfsson, viðtal 22. júlí 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Lækur er rennur ofan af Torffjalli og niður Leitið.

**Kort:** Kort 2.



Mynd 29. Leitislækur.

### Fjöslág 39

**Staðsetning:** 357126 541906

**Heimild:** Örnefnaskrár Innri - Fagradals.

Sigurður Þórólfsson, viðtal 22. júlí 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Staðsett á milli Melsins og túnsins. Leitislækur rennur niður hana á leið sinni niður að Fagradalsá.

**Kort:** Kort 2.



Mynd 30. Fjöslág.

### Laugumóar / Tunga 40

**Staðsetning:** 357080 541961

**Heimild:** Örnefnaskrár Innri - Fagradals.

Sigurður Þórólfsson, viðtal 22. júlí 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Þurr móaspilda í Fjósláginni.

**Kort:** Kort 2.



Mynd 31. Laugumóar/Tunga.

### Fjósbarð 41

**Staðsetning:** 357066 541993

**Heimild:** Örnefnaskrár Innri - Fagradals.

Sigurður Þórólfsson, viðtal 22. júlí 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Hallinn andspænis melnum, frá túninu og niður í Fjóslág. Þar sem lækurinn rennur niður.

**Kort:** Kort 2.



Mynd 32. Fjósbarð.

### Nátthagi 42

**Staðsetning:** 357322 541944

**Heimild:** Örnefnaskrár Innri - Fagradals.

Sigurður Þórólfsson, viðtal 22. júlí 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Allstórt stykki, slétt og hlaðnir garðar á alla vegu. Er staðsett heiman til við Leitið, uppi í hlíðarkverkinni. Þar var smalað heim til þess að taka af fénu í byrjun júlí.

**Kort:** Kort 2.



Mynd 33. Nátthagi.

### Hesthúsbali 43

**Staðsetning:** 356860 542436



**Heimild:** Örnefnaskrár Innri - Fagradals. Sigurður Þórólfsson, viðtal 22. júlí 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Tún við landamerki Foss og Fagradals. Er í landi Foss eftir að landamerki í túni breyttust.

**Kort:** Kort 2.

### Fjánhúsflatir 44

**Staðsetning:** 356870 542354

**Heimild:** Örnefnaskrár Innri - Fagradals. Sigurður Þórólfsson, viðtal 22. júlí 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Tún upp af Hesthúsala. Þar á stóðu fjánhús fram yfir 1960.

**Kort:** Kort 2.

### Tröð 44a

**Staðsetning:** 356997 542358

**Heimild:** Örnefnaskrár Innri - Fagradals. Sigurður Þórólfsson, viðtal 22. júlí 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Þar er nú heimreiðin að bænum. Var áður þar sem nýja íbúðarhúsið er og heim undir fjánhús. Það voru allháir torfgarðar beggja vegna heimreiðar, að gömlu bæjarhúsunum.



Mynd 34. Tröð.

**Kort:** Kort 2.

### Þvergarður 45

**Staðsetning:** 356929 542265

**Heimild:** Örnefnaskrár Innri - Fagradals. Sigurður Þórólfsson, viðtal 22. júlí 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Gamalt garðlag sem liggur frá Tröðinni innanverðri í boga niður og út á barð.

**Kort:** Kort 2.

## Svunta 46

**Staðsetning:** 356969 542268

**Heimild:** Örnefnaskrár Innri - Fagradals. Sigurður Þórólfsson, viðtal 22. júlí 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Túnspilduhorn á milli Traðarinnar og Þvergarðsins.

**Kort:** Kort 2.

## Bænhúsvöllur 47

**Staðsetning:** 357001 542266

**Heimild:** Örnefnaskrár Innri - Fagradals. Sigurður Þórólfsson, viðtal 22. júlí 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Slétt tún sem er ofan við Tröðina (nú á milli íbúðarhúss og fjárhúss). Þar mun bænhús hafa staðið til forna. Í kirkjumáldaga 1491 er bænhúsið komið og allnokkrar eignir en var aflagt árið 1826, sem það hefur staðið í um 500 ár.

**Kort:** Kort 2.



Mynd 35. Bænhúsvöllur.

## Ból 48

**Staðsetning:** 357084 542426

**Heimild:** Örnefnaskrár Innri - Fagradals. Sigurður Þórólfsson, viðtal 22. júlí 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Slétt skriða sem umkringist af hlöðnum görðum. Staðsett innan og ofan við Bænhúsvöll og upp að hlíðinni. Ból, Gonta og Útræktin er nú allt runnið saman í eitt og engin sjáanleg merki á milli.

**Kort:** Kort 2.



Mynd 36. Ból.

### Gonta 49

**Staðsetning:** 357141 542260

**Heimild:** Örnefnaskrár Innri - Fagradals.  
Sigurður Þórólfsson, viðtal 22. júlí 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Laut, framan við Ból. Ból, Gonta og Útræktin er nú allt runnið saman í eitt og engin sjáanleg merki á milli.

**Kort:** Kort 2.



Mynd 37. Gonta.

### Útrækt 49a

**Staðsetning:** 357182 542259

**Heimild:** Örnefnaskrár Innri - Fagradals.  
Sigurður Þórólfsson, viðtal 22. júlí 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Ból, Gonta og Útræktin er nú allt runnið saman í eitt og engin sjáanleg merki á milli.

**Kort:** Kort 2.



Mynd 38. Útrækt.

### Gangur 50

**Staðsetning:** 357261 542435

**Heimild:** Örnefnaskrár Innri - Fagradals.  
Sigurður Þórólfsson, viðtal 22. júlí 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Sæmilega greiðfær grastó sem gengur upp í gegnum klettana, beint upp af bænum. Þar var farið upp á fjallið í smalamennsku.

**Kort:** Kort 1.



Mynd 39. Gangur.

## Bæjargil 51

**Staðsetning:** 357305 542367

**Heimild:** Örnefnaskrár Innri - Fagradals.

Sigurður Þórólfsson, viðtal 22. júlí 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Lítið gil sunnan Gangsins.

**Kort:** Kort 1.



*Mynd 40. Bæjargil.*

## Fannahjalli 52

**Staðsetning:** 357369 542309

**Heimild:** Örnefnaskrár Innri - Fagradals. Sigurður Þórólfsson, viðtal 22. júlí 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Snarbrattur grashjalli sunnan við Bæjargilið og ofan við klettana.

**Kort:** Kort 1.

## Bæjarflói 53

**Staðsetning:** 357902 542465

**Heimild:** Örnefnaskrár Innri - Fagradals. Sigurður Þórólfsson, viðtal 22. júlí 2010.

**Lýsing / Staðhættir:** Lítill flói sem tekur við þegar upp á brúnina kemur. Úr honum rennur Leitislækurinn.

**Kort:** Kort 1.

## Sjónarhóll 54

